

kr. vixilskuld með 6% ársvöxtum frá 12. júlí 1945, $\frac{1}{2}$ % þóknunar af vixilupphæðinni og 1000 krónur í málskostnað.

Dómi þessum ber að fullnægja innan 3ja daga frá lögbertingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 16. desember 1946.

Nr. 30/1946. Póst- og símamálastjóri f. h. ríkissjóðs
(Hrl. Sveinbjörn Jónsson)
gegn

Borgarstjóra Reykjavíkur f. h. bæjarsjóðs
(Tómas Jónsson cand. jur.).

Setudómarar hrl. Hermann Jónasson og
próf. Ólafur Lárusson í stað hrd. Árna
Tryggvasonar og hrd. Jóns Ásbjörns-
sonar.

Skýring á 6. og 7. gr. laga nr. 22/1945.

Dómur hæstaréttar.

Áfrýjandi, sem skotið hefur máli þessu til hæstaréttar með stefnu 25. febrúar þ. á., krefst þess, að stefnda verði dæmt skylt að greiða frá 1. marz 1945 7% sérleyfisgjald samkvæmt 6. gr. laga nr. 22/1945 af sölu farmiða í strætisvögnum Reykjavíkur, aðallega á öllum ferðum vagnanna, en til vara á ferðum þeirra á milli endastöðva á leiðinni Reykjavík—Lækjarbotnar. Þá krefst áfrýjandi og þess, að stefnda verði dæmt skylt að láta áfrýjanda í té skýrslur um akstur strætisvagna Reykjavíkur samkvæmt 9. gr. reglugerðar nr. 78/1936. Loks krefst áfrýjandi málskostnaðar úr hendi stefnda í héraði og fyrir hæstarétti eftir mati dómsins.

Stefndi krefst staðfestingar á héraðsdómi og málskostnaðar úr hendi áfrýjanda fyrir hæstarétti eftir mati dómsins.

Í lögum nr. 22/1945 er glögggt greint annars vegar milli einkaleyfis, sem veitt skal kaupstöðum til fólksflutninga með strætisvögnum innan kaupstaðar, og hins vegar sérleyfa og undanþáguheimildar til fólksflutninga á lang-

leiðum, en leyfi þessi má veita aðiljum, er fullnægja tilgreindum skilyrðum laganna. Samkvæmt orðalagi 7. gr. laganna skulu sérleyfis- og undanþáguhafar greiða sérleyfisgjald, 7% af andvirði afhentra farmiða, og skal gjaldinu aðallega varið til að greiða kostnað við eftirlit með bifreiðum samkvæmt lögnum og til byggingar afgreiðslustöðva fyrir sérleyfisbifreiðar. Þegar virt er orðalag þessa ákvæðis og það markmið, sem verja á gjaldinu til, verður ekki talin vera heimild fyrir hendi til að gera stefnda að greiða það. Með visun til þess, sem nú var rakið, svo og til forsendna héraðsdóms þykir rétt að staðfesta hann.

Eftir þessum úrslitum ber að dæma áfrýjanda til að greiða stefnda málskostnað í hæstarétti, sem ákveðst kr. 5000.00.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Áfrýjandi, póst- og símamálastjóri f. h. ríkissjóðs, greiði stefnda, borgarstjóranum í Reykjavík f. h. bæjar-sjóðs, kr. 5000.00 í málskostnað í hæstarétti að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 31. janúar 1946.

Mál þetta, sem dómtekið var 23. þ. m., hefur póst- og símamálastjórinn hér í bæ höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu, útfærinni 24. þ. m. gegn borgarstjóranum í Reykjavík f. h. bæjarins. Hefur stefnandi gert þær dómkröfur, aðallega að stefndi verði með dómi skyldaður til að greiða 7% sérleyfisgjald af andvirði seldra farmiða strætisvagna stefnda samkvæmt ákvæðum 6. gr. laga nr. 22 frá 1945 svo og til að gefa skýrslur um farmiðasölu samkvæmt ákvæðum 9. gr. reglugerðar frá 6. ágúst 1936. Til vara hefur stefnandi krafizt þess, að stefndi verði skyldaður til að greiða 7% sérleyfisgjald af andvirði seldra farmiða á ökuleiðinni Reykjavík—Lækjarbotnar.

Þá hefur stefnandi krafizt málskostnaðar sér til handa að mati dómarans.

Stefndi hefur krafizt sýknu og málskostnaðar sér til handa að mati dómarans.

Málsatvik eru þau, að hinn 22. ágúst 1944 var stefnda veitt sérleyfi til fólksflutninga með almenningsbifreiðum á leiðinni

Reykjavík—Lækjarbotnar með ýmsum nánar tilteknum skilyrðum, og skyldi sérleyfistíminn vera til 1. marz 1947 með þeim breytingum, sem á sérleyfinu kynnu að verða gerðar. Þann 14. desember s. á. var stefnda enn fremur veitt einkaleyfi til fólksflutninga með áætlunarbifreiðum innan lögsagnarumdæmis bæjarins. Bæði þessi leyfi voru veitt samkvæmt heimild i lögum nr. 62 frá 1935 um skipulag á fólksflutningum svo og lögum nr. 36 frá 1936 um breytingu á þeim lögum. Hefur stefndi síðan haldið uppi flutningastarfsemi þessari. Fyrrgreind lög voru síðan numin úr gildi með lögum nr. 22 frá 1945 um skipulag á fólksflutningum með bifreiðum, er nú gilda um þessi efni.

Aðalkröfu sína í máli þessu byggir stefnandi á ákvæðum 6. gr. laga nr. 22 frá 1945, en þar segir svo í upphafi greinarinnar: „Sérleyfis- og undanþáguhafar skulu greiða séreyfisgjald, 7% — sjö af hundraði — af andvirði afhentra farmiða.“ Telur stefnandi, að það geti engu máli skipt, þótt leyfi það, sem bæjarstjórninni er veitt, sé i lögum kallað einkaleyfi, þar sem hér sé aðeins um venjulegt sérleyfi að ræða, og beri því að greiða sérleyfisgjald af því samkvæmt nefndu lagaákvæði. Hefur stefnandi bent á, að fé þessu skuli aðallega varið til að greiða kostnað við eftirlit og stjórn fólksflutninga með bifreiðum samkvæmt lögum þessum svo og til byggingar afgreiðslustöðva fyrir sérleyfisbifreiðar. Það sé því mjög óeðlilegt, að bæjarfélög, þar á meðal stefndi, eigi að vera undanþegin þessu gjaldi. Til stuðnings því, að einkaleyfi, er bæjarstjórnnum skal veita samkvæmt lögnum, séu aðeins venjuleg sérleyfi, hefur stefnandi bent á, að i 1. gr. i. f. sé talað um, að sýslu- eða sveitarfélög skuli hafa forgangsrétt til sérleyfa, en þar sem enginn eðlismunur sé á forgangsrétti til sérleyfa og einkaleyfi, sé aðeins um ónákvæmt orðalag að ræða i 5. gr. Loks hefur stefnandi bent á, að þann 23. maí 1945 hafi Viðskiptaráðið samþykkt að leyfa stefnda að hækka fargjöld með strætisvögnum hans, en um leið tekið fram, að ráðið gengi út frá því, að stefndi greiddi sérleyfisgjaldið. Stefndi hafi engum athugasemdum hreyft við þessu og hækkað fargjöldin samkvæmt leyfi þessu.

Að því er varðar kröfuna um skýrslugjöf stefnda, þá hefur stefnandi tekið fram, að sér sé nauðsynlegt að fá slíkar skýrslur, verði krafa hans um greiðsluskylduna tekin til greina, en ella ekki.

Verði litið svo á, að stefnda beri ekki að greiða sérleyfisgjald af andvirði þeirra seldra farmiða, sem einungis gilda innan lögsagnarumdæmisins, þá byggir stefnandi varakröfu sína á því, að stefnda beri þó að greiða gjaldið af andvirði allra þeirra farmiða, sem gilda út fyrir það, enda skipti það engu máli, þótt nokkur hluti leiðarinnar liggj um og innan lögsagnarumdæmisins. Hefur stefnandi i þessu sambandi skýrt frá því, að stefndi hafi til þessa

einungis greitt gjaldið af ökutækjum þess hluta leiðarinnar, sem liggur utan þess, þ. e. frá mörkum Reykjavíkur að Lækjarbotnum.

Sýknukröfu sína byggir stefndi á því, að samkvæmt ákvæðum laga nr. 22 frá 1945 sé einkaleyfi bæjarstjórna til fólksflutninga með strætisvögnum undanþegið sérleyfisgjaldi. Í lögum þessum sé rætt um þrenns konar leyfi til fólksflutninga með bifreiðum. Sérleyfi samkvæmt ákvæðum 1. mgr. 1. gr., undanþáguleyfi samkvæmt ákvæðum 4. mgr. 1. gr. og einkaleyfi samkvæmt ákvæðum 2. mgr. 5. gr. laganna. Í 1. mgr. 6. gr. sé beint tekið fram, að sérleyfis- og undanþáguhafar eigi að greiða sérleyfisgjald, en ekki nefnt, að einkaleyfishöfum beri að greiða það. Þá hefur stefndi bent á, að sérleyfi séu bundin ýmsum skilyrðum. Þau séu ætíð veitt til ákveðins tíma, gildi fyrir ákveðna tölu bifreiða og feli í sér skyldu til að flytja póst, en engin slík skilyrði séu sett að því er einkaleyfi varða. Enn hefur stefndi bent á, að í 2. mgr. 6. gr. nefndra laga sé tekið fram, að skylt sé að veita bæjarstjórn einkaleyfi til rekstrar strætisvagna innan lögsagnarumdæmis bæjar, þegar tímabil sérleyfishafa sé útrunnið, og sé af þessu ljóst, að ekki sé átt við það sama, þegar rætt er um einkaleyfi og sérleyfi í lögnum. Svo sem að framan getur, skal meðal annars verja sérleyfisgjaldinu til að byggja afgreiðslustöð fyrir sérleyfisbifreiðar. Telur stefndi, að hér sé ekki átt við afgreiðslustöðvar fyrir bifreiðar, sem aka samkvæmt einkaleyfi. Hefur hann í því sambandi bent á, að í athugasemdum við frumvarp að lögum þessum sé aðeins talað um byggingu afgreiðslustöðva fyrir bifreiðar, er gangi frá Reykjavík. Loks hefur stefndi mótmælt því, að ummæli Viðskiptaráðs í áðurgreindu leyfi fyrir fargjaldahækkun, geti nokkru máli skipt í þessu sambandi. Að því er varðar kröfu stefnanda um skýrslugjöf stefnda, þá hefur því verið lýst yfir af hálfu stefnda, að hann viðurkenni skyldu sína til þessarar skýrslugjafar, verði honum talið skylt að greiða nefnt sérleyfisgjald.

Að því er varðar varakröfu stefnanda, hefur stefndi lýst því yfir, að hann greiði sérleyfisgjald af öllu ökugjaldi, er inn komi fyrir akstur strætisvagna hans utan lögsagnarumdæmis Reykjavíkur, enda sé þar um sérleyfi að ræða. Hins vegar telur stefndi sér óskylt að greiða gjald vegna aksturs á þeim hluta leiðarinnar, sem liggja innan lögsagnarumdæmisins.

Ákvæði um skipulag á fólksflutningum með bifreiðum voru fyrst sett með lögum nr. 62 frá 1936, og er 7. gr. þeirra laga samhljóða 5. gr. núgildandi laga um þetta efni, nr. 22 frá 1945. Í lögum nr. 62 frá 1936 var ekkert gjald ákveðið fyrir sérleyfi, en í 7. gr. laga um ferðaskrifstofu ríkisins nr. 33 frá 1936 var ákveðið, að til að afla skrifstofunni tekna, skyldi greiða gjald af farseðlum með áætlunarbifreiðum, 5 aura af hverri heilli krónu í andvirði seðilsins. Svo virðist sem gjald þetta hafi ekki verið krafðið af Strætis-

vögnum Reykjavíkur h/f, er þá höfðu sérleyfi til fólksflutninga með áætlunarbifreiðum hér í bænum, enda munu fæstir farmiðar þeirra, er þeir seldu, hafa kostað 1 krónu eða meira. Í 3. gr. laga nr. 22 frá 1945 er talað um sérleyfi, sem veitt er einstaklingi eða félagi, en í 2. mgr. 5. gr. er rætt um einkaleyfi til bæjarstjórnar. Samkvæmt síðara ákvæðinu er skylt að veita einkaleyfi og aðeins það skilyrði sett, að bæjarstjórn hafi sótt um það innan tiltekins tíma, en í 2. gr. laganna er ráðherra heimilað að veita sérleyfi með vissum skilyrðum, sem ekki virðast taka til einkaleyfa. Af þessu orðalagi virðist ljóst, að það hafi verið tilgangur löggjafans að gera mun á sérleyfi og einkaleyfi. Verður því ekki fallizt á það með stefnanda, að einkaleyfi í 2. mgr. 5. gr. sé sama og sérleyfi og þessi orðamanur stafi aðeins af ónákvæmni, enda hefur fleirum en einum verið veitt sérleyfi samkvæmt lögum á sömu leið, en það er ekki heimilt, að því er varðar rekstur strætisvagna, óski viðkomandi bæjarstjórn ein að taka hann í sínar hendur, sbr. 2. mgr. 5. gr. Í 6. gr. laganna er aðeins tekið fram, að sérleyfis- og undanþáguhafar skuli greiða sérleyfisgjaldið og þar sem einkaleyfis-hafar eru þar undanskildir, verður þeim ekki talið skylt að greiða gjald þetta. Samkvæmt þessu verður að fallast á þá skoðun stefnda, að honum sé óskylt að greiða gjald þetta af ökutekjum af akstri, er einkaleyfi hans nær til. Verður því aðalkrafa stefnanda ekki tekin til greina.

Að því er varðar varakröfu stefnanda, þá er komið fram í málinu, að stefndi hefur venjulegt sérleyfi til aksturs á leiðinni Reykjavík—Lækjarbotnar. Það er viðurkennt, að stefndi hefur greitt og greiðir sérleyfisgjald af öllum ökutekjum sínum á akstri á þeim hluta leiðar þessarar, er liggur utan lögsagnarumdæmis Reykjavíkur. Stefndi hefur einkaleyfi til fólksflutninga með áætlunarbifreiðum innan lögsagnarumdæmis Reykjavíkur og þarf samkvæmt framansögðu eigi að greiða sérleyfisgjald af ökutekjum af þeim akstri. Telja verður, að einkaleyfi hans taki til allra fólksflutninga með áætlunarbifreiðum um og að mörkum lögsagnarumdæmisins, og því einnig að því er varðar leiðina að Lækjarbotnum. Sérleyfi hans tekur því aðeins til þess hluta leiðarinnar, er liggur utan lögsagnarumdæmisins, en stefndi hefur ætíð greitt sérleyfisgjald að því leyti.

Samkvæmt þessu verður varakrafa stefnanda heldur ekki tekin til greina.

Málalok verða því þau, að stefndi verður sýknaður af öllum kröfum stefnanda í máli þessu, en eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

Einar Arnalds borgardómari kvað upp dóm þenna.

D ó m s o r ð :

Stefndi, borgarstjórinn í Reykjavík f. h. bæjarins, skal vera sýkn af öllum kröfum stefnanda, póst- og símamálastjóra, í máli þessu, en málskostnaður falli niður.

Mánudaginn 16. desember 1946.

Kærumálið Nr. 8/1945. H/f Bragi

gegn

Erfingjum Einars Benediktssonar.

Setudómari próf. Ólafur Lárusson
í stað hrd. Árna Tryggvasonar.

Málflytjanda brast heimild til að krefjast skýrslu um málsatriði.

Dómur hæstaréttar.

Með kæru 22. júní 1945, er hingað barst 3. júlí s. á., kærði sóknaraðili úrskurð bæjarþings Reykjavíkur, er upp var kveðinn 16. júní s. á. í máli varnaraðilja gegn sóknaraðilja, en með úrskurði þessum var forstöðumanni Rannsóknarstofu háskólans, Nielsi Dungal, gert að skyldu að leggja fram í málinu skýrslu, er hann hefur samið um krufningu á líki Einars skálds Benediktssonar. Sóknaraðili krefst þess, að úrskurðurinn verði úr gildi felldur og honum dæmdur kærumálskostnaður eftir mati hæstaréttar.

Umboðsmaður varnaraðilja krefst þess, að úrskurðurinn verði staðfestur og honum dæmdur kærumálskostnaður eftir mati dómsins.

Með úrskurði hæstaréttar, upp kveðnum 28. september 1945, var lagt fyrir héraðsdómara að tilkynna þeim venzlamönnum Einars Benediktssonar, sem getur í 3. mgr. 25. gr. laga nr. 19/1940, að þess sé krafizt, að krufningarskýrslan verði lögð fram í máli þessu, og gefa þeim kost á að andmæla því, að skýrslan verði lögð fram, ef þeim þykir ástæða til.

Héraðsdómari hóf þegar tilraunir til að afla þeirra yfir-